



Reykjanesbær, 17. janúar 2025

689. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn í Merkinesi, Hljómahöll
21. janúar 2025, kl. 17:00

DAGSKRÁ

1. Fundargerðir bæjarráðs 9. og 16. janúar 2025 (2025010003)
2. Fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs 10. janúar 2025 (2025010011)
3. Fundargerð menntaráðs 10. janúar 2025 (2025010008)
4. Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs 14. janúar 2025 (2025010005)
5. Fundargerð lýðheilsuráðs 14. janúar 2025 (2025010006)
6. Fundargerð velferðarráðs 15. janúar 2025 (2025010012)



Fundargerð

1498. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
9. janúar 2025, kl. 08:15

Viðstaddir:

Bjarni Páll Tryggvason formaður, Halldóra Friða Þorvaldsdóttir bæjarstjóri, Margrét A. Sanders, Sverrir Bergmann Magnússon og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll, Sverrir Bergmann Magnússon sat fyrir hana.

* * *

1. Leikskólinn Drekaðalur (2022100203)

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mættu á fundinn.

Umræður um stöðu verkefnisins.

2. Hjúkrunarheimili - reitur á Ásbrú (2025010095)

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Pálmi Freyr Randversson framkvæmdastjóri Kadeco mættu á fundinn.

Umræður um nýtt hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ.

3. Heimild til lántöku (2024040272)

Regína F. Guðmundsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, mætti á fundinn.

Bæjarráð Reykjanesbæjar samþykkir 5-0 að óska eftir lánalínu hjá Landsbankanum hf., að höfuðstól allt að kr. 300.000.000,-, með lokagjalddaga þann 28. febrúar 2027.

Sveitarfélagið hefur ákveðið að fjárfesta í húsnæði að Grænásbraut 910, 262 Reykjanesbæ sem mun nýtast til framtíðar sem menntastofnun á Ásbrú.

Regínu Fannýju Guðmundsdóttur, kt. 131169-3379, fjármálastjóra og prókúruhafa, er veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarfélagsins að undirrita lánaskjöl sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

4. Gjaldskrá 2025 - afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega (2024050440)

Regína F. Guðmundsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, mætti á fundinn.

Lögð fram til kynningar gjaldskrá um afslátt til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti á árinu 2025.

5. Breyting á skipan fulltrúa í stjórn Reykjanes jarðvangs (2024010091)

Kjartan Már Kjartansson fer út sem aðalmaður, Valgerður Björk Pálsdóttir verður aðalmaður. Valgerður Björk Pálsdóttir fer út sem varamaður, Kjartan Már Kjartansson verður varamaður.

Samþykkt 5-0.

6. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum 6. desember 2024 (2025010048)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.

7. Endurskoðun leiðakerfis landsbyggðarvagna (2024100271)

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, mætti á fundinn.

Lagt fram bréf frá Vegagerðinni um kynningarfundum um endurskoðun leiðakerfis landsbyggðarvagna.

Bæjarráð felur Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur bæjarstjóra að vinna áfram í málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:20.



Fundargerð

1499. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
16. janúar 2025, kl. 08:15

Viðstaddir:

Bjarni Páll Tryggvason formaður, Díana Hilmarsdóttir, Margrét A. Sanders, Sverrir Bergmann Magnússon og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Jón Már Sverrisson áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir boðaði forföll, Díana sat fyrir hana.

Margrét Þórarinsdóttir boðaði forföll, Jón Már Sverrisson sat fyrir hana.

* * *

1. Almenningsamgöngur (2019090564)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.

Lagt fram erindi vegna undirbúnings á útboði á almenningsamgöngum í Reykjanesbæ ásamt drögum að útboðsgögnum.

Bæjarráð felur Guðlaugi H. Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs að vinna áfram í málinu í samræmi við umræður á fundinum.

2. Málefni Golfklúbbs Suðurnesja (2024120279)

Hafþór B. Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi mætti á fundinn.

Lögð fram drög að afsali á Golfskálanum við Hólms höll í Leiru (F2096000), aðstöðuhúsi (F2236660) og vélageymslu (F2236659) án lóðarréttinda til Golfklúbbs Suðurnesja.

Bæjarráð felur Hafþóri B. Birgissyni íþróttá- og tómstundafulltrúa að vinna áfram í málinu.

3. Viðauki við fjárhagsáætlun 2024 (2023080020)

Regína F. Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mætti á fundinn.

Lagður fram viðauki I við fjárhagsáætlun 2024.

Bæjarráð staðfestir áður samþykktan viðauka við fjárhagsáætlun 2024.

4. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 8. janúar 2025 (2025010161)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:40



Fundargerð

354. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
10. janúar 2025, kl. 08:15

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur Ingólfur Reynisson, Gunnar Felix Rúnarsson og Jóhann Gunnar Sigmarsson.

Að auki sátu fundinn Gunnar Kr. Ottósson skipulagsfulltrúi, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Margrét Lilja Margeirsdóttir, Maríanna Hvanndal Einarsdóttir forstöðumaður skráninga, Hilmar Örn Arnórsson verkefnastjóri byggingafulltrúa, Perla Dís Gunnarsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Helga María Finnbjörnsdóttir boðaði forföll og sat Jóhann Gunnar Sigmarsson fundinn í hans stað.

* * *

1. Vatnsnes breyting á aðalskipulagi (2019060056)

Breyting á miðsvæði Vatnsness, M9 unnið af VSÓ og Kanon arkitektum í janúar 2024. Svæðið er um 18,5 ha. Núgildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir 600 íbúðum á svæðinu. Við breytinguna fjölgar íbúðum í 1250 og heildar byggingarmagn eykst sem gerir ráð fyrir íbúðum og annarri þjónustu á svæðinu. Auglýsing tillögu er lokið.

Viðbrögð við athugasemdum eru í fylgiskjali. Umhverfis- og skipulagsráðs samþykkir að senda til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

2. Deiliskipulagstillaga - Vatnsnes - Hrannargata 2-4 (2019100209)

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 339 íbúðum í 5-6 hæða húsum og sameiningu lóða í samræmi við uppdrætti JeES arkitekta ehf. dags. 8. apríl 2022. Tillagan var auglýst áður en samræmdist ekki skilmálum aðalskipulags en er hér lögð fram að nýju óbreytt. Auglýsing tillögu er lokið.

Viðbrögð við athugasemdum eru í fylgiskjali. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að senda til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

3. Breyting á aðalskipulagi - Hvammur F3 og Seljuvogur 2a IB33 (2019060056)

Hvammur verður með skilgreinda landnotkun sem frístundabyggð í stað opins svæðis og svæðis ætlað fyrir samfélagsþjónustu. Við breytinguna minnkar það land sem er ætlað sem opið svæði um 0,34 ha og undir samfélagsþjónustu um 0,06 ha sbr. gildandi landnotkunarupprátt aðalskipulagsins.

Seljavogi 2a L129943, um 0,8 ha af 3.3 ha verður með skilgreinda landnotkun sem íbúðarbyggð ásamt hverfisvernd að hluta í stað opins svæðis og hverfisvernd að hluta sbr. gildandi þéttbýlisupprátt aðalskipulagsins. Auglýsing tillögu er lokið.

Viðbrögð við umsögnum eru í fylgiskjali. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að senda til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

4. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja - viðbygging (2024100392)

Teiknistofan Tröð leggur fram erindi dags. 11. október 2024 f.h. FSR og HSS með ósk um heimild til að byggja sjúkrabílamóttöku ásamt hjólageymslu á bílastæði lóðar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja við Skólaveg 6 og stækka bílastæði. Auk þess er gert ráð fyrir að byggja utan um varmadælur sem settar voru upp til að tryggja rekstraröryggi vegna mögulegra skemmda á hitaveitulögn.

Sjúkrabílamóttakan er fyrir 2 sjúkrabíla og er gegnumakstur í gegnum bygginguna. Hjólageymslan er sambyggð með sér inngangi að Sólvallagötu. Byggingin er um 200 m² og allt að 5 m há. Til að tryggja greiðan akstur frá sjúkrabílamóttökunni er óskað eftir að fá að stækka plan 4,5 m út fyrir lóðarmörk inn í skrúðgarðinn. Runnagróður við lóðarmörk yrði færður til sem stækkun nemur.

Byggingin tekur upp mörg bílastæði og er óskað eftir að bæta þau upp með því að útbúa stæði sem fara 4,5 m út fyrir lóðarmörk. Bílastæði og aksturplan út fyrir lóðarmörk er um 330 m². Óskað er eftir að aðskilja innakstur og útakstur með því að setja upp nýja útkeyrslu frá lóð. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti að grenndarkynna breytinguna. Engar athugasemdir bárust.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið. Landslagsmótun verði unnin í samráði við starfsfólk umhverfis- og framkvæmdasviðs. Framkvæmdin verði sveitarfélaginu að kostnaðarlausu.

5. Hljómahöll - geymsluhúsnæði (2024110108)

Fyrirhugað er að setja geymsluhúsnæði á lóð Hljómahallarinnar við Hjallaveg 2. Um er að ræða 118 m² gámaeiningu frá Terra. Hámarksmaenishæð hússins verður 3 m. Grenndarkynningu er lokið. Athugasemdir bárust.

Tekið er undir andmæli íbúa. Leysa þarf geymslumál Hljómahallar á annan máta. Erindi hafnað.

6. Selás 18 (2024090339)

Um er að ræða einbýlishús með tveimur aðskildum íbúðum. Skipulagsfulltrúi óskar eftir úrskurði umhverfis- og skipulagsráðs um hvort umrætt fyrirkomulag fellur að skipulagsskilmálum Ásahverfis.

Skilmálar deiliskipulags hverfisins gerir ráð fyrir einbýlishúsum sem þýðir að ekki aðeins sé fasteignin skráð sem séreign heldur að um sé að ræða eina samfellda íbúð. Hús sem er skipt eftir hæðum með aðskildum íbúðum, báðar með sér inngangi, er í eðli sínu tvíbýli. Þó fordæmi séu um aukaíbúðir þar sem bílskúrum eða stökum rýmum hefur verið breytt í íbúðarými þá er það ekki sambærilegt slíkri hreinni tvískiptingu þegar að auki er aðalíbúð á efri hæð að frádregnum bílskúr, minni en aukaíbúð á neðri hæð.

Niðurstaða umhverfis- og skipulagsráðs er að umsókn fellur ekki að skilmálum deiliskipulags Ásahverfis.

7. Heiðarsel - færarlegar kennslustofur við leikskóla (2024100200)

Verkfræðistofa Suðurnesja f.h. Reykjanesbæjar sækir um að setja færarlegar einingar á lóðina Heiðarbraut 27 sbr. uppdrætti dags. 18.09.2024. Grenndarkynningu er lokið, athugasemdir bárust.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið með þeim fyrirvara að staðsetningu innan lóðar sé breytt og kennslustofurnar verði færðar nær aðalbyggingu um 5 m.

8. Bergvegur 14 (2024120238)

Silwester Sienkiewics óskar eftir að breyta bílgeymslu í íbúð og geymslu sbr. uppdrátt tækniþjónustu SÁ dags. 16.12.2024.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 2.

9. Aðkomuvegur að eldisgarði á Reykjanesi (2021090022)

VSÓ Ráðgjöf f.h. Samherja Fiskeldis sbr. erindi dags. 7. janúar 2025 óskar framkvæmdaleyfis fyrir vegagerð 970 m löngum aðkomuvegi frá Nesvegi að lóð Eldisgarðsins á Reykjanesi í samræmi við deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar, álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat og umhverfismatsskýrslu Samherja Fiskeldis.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir sem óverulega breytingu á deiliskipulagi, breytta legu vegstæðis og telur það til bóta. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

10. Reglugerð um lóðaúthlutanir (2025010105)

Lagðar eru fram endurskoðaðar reglur um lóðaúthlutanir sem koma í stað regla sem samþykktar voru í bæjarstjórn 18. apríl 2017.

Erindi frestað.

11. Próunarreitir VP3 (2025010106)

Bus4u óskar hér með eftir samstarfi við Reykjanesbæ til þess að þróa nýtt svæði fyrir fyrirtækið til framtíðar, horfa sérstaklega til VP3.

Umhverfis- og skipulagsráð felur skipulagsfulltrúa að kanna fýsileika þess að þróa svæðið fyrir miðstöð almenningsgangna og lóðir undir starfsemi fyrirtækja í farþegaflutningum.

12. Nesvegur - kynning framkvæmda (2025010052)

Vegagerðin með erindi dags 6. janúar 2025 kynnir hagaðillum framkvæmdir við breikkun Nesvegar og leggur jafnframt fram umsókn um framkvæmdaleyfi dags 3. janúar 2025.

Umhverfis- og skipulagsráð tekur vel í erindið og felur skipulagsfulltrúa að skila inn umsögn. Útgáfu framkvæmdaleyfis frestað þar til umsagnarferli er lokið.

13. Fundargerð Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar 16. desember 2024 (2024080267)

Fundargerð Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar lögð fram.

14. Afgreiðslu- og samráðsfundur byggingarfulltrúa nr. 375 (2025010022)

Fundargerð 375. afgreiðslu- og samráðsfundar byggingarfulltrúa lögð fram.



Fundargerð

381. fundur menntaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
10. janúar 2025, kl. 08:15

Viðstaddir: Sverrir Bergmann Magnússon formaður, Gígja Sigríður Guðjónsdóttir, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Harpa Björg Sævarsdóttir og Sighvatur Jónsson.

Að auki sátu fundinn Gróa Axelsdóttir fulltrúi skólastjóra grunnskóla, Skúli Sigurðsson fulltrúi grunnskólakennara, Ólöf Magnea Sverrisdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Vilborg Pétursdóttir fulltrúi foreldra leikskólakennara, Kolbrún Dís Snorraddóttir fulltrúi ungmennaráðs, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi, Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Anita Engley Guðbergsdóttir fulltrúi FFGÍR boðaði forföll.

* * *

1. Starfsáætlanir leikskóla 2024-2025 (2024120126)

Starfsáætlanir leikskóla Reykjaneshæjar fyrir starfsárið 2024-2025 lagðar fram til kynningar.

Menntaráð fagnar fjölbreyttu og metnaðarfullu starfi leikskóla Reykjaneshæjar. Sérstök áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun, málörvun, sjálfbærni og fjölmenningu, sem stuðla að farsæld og jöfnum tækifærum allra barna. Skýr stefna í anda menntastefnu Reykjaneshæjar og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós í þessu mikilvæga starfi. Menntaráð lýsir yfir ánægju með nýsköpun, þróunarverkefni og aukið aðgengi að fjölbreyttri menntun fyrir börn og starfsfólk. Þessi samræmda og framsækna sýn styrkir samfélagið til framtíðar.

2. Breyting á skóladagatali Myllubakkaskóla (2024020232)

Lögð fram tillaga að breytingu á skóladagatali Myllubakkaskóla fyrir skólaárið 2024-2025. Starfsdagar sem áætlaðir voru dagana 9., 10. og 11. apríl færast til 30. apríl, 2. og 14. maí og styttri nemendadagur færast frá 14. maí yfir á 29. apríl vegna breytinga sem gera þurfti á námsferð starfsfólks. Skólaráð og starfsfólk hefur samþykkt breytinguna fyrir sitt leyti.

Menntaráð samþykkir breytinguna.

3. Úthlutun fjármagns til grunnskóla (2025010121)

Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi kynnti lokaverkefni sitt til M.Ed.-prófs í Stjórnun menntastofnana, en verkefnið fjallar um verklag sveitarfélaga við úthlutun fjármagns til rekturs grunnskóla og eignarhald skólastjóra í því ferli. Einnig greindi Haraldur frá vinnu við gerð fastmótaðs úthlutunarlíkans fyrir grunnskóla Reykjaneshæjar og sagði frá þátttöku skólastjóra í ferlinu.

4. Útfærsla á nýju fyrirkomulagi í leikskólum (2024030084)

Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi fór yfir nýtt fyrirkomulag sem tók gildi í leikskólum sveitarfélagsins frá og með 1. janúar 2025 og felst í því að skrá þarf börn í leikskólavistun í dymbilvikunni (síðustu viku fyrir páska) og vetrarfrí á haust- og vorönn.

5. Sundlaug Stapaskóla – staða framkvæmda og fyrirkomulag sundkennslu (2019051608)

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs og Gróa Axelsdóttir skólastjóri Stapaskóla gerðu grein fyrir stöðu framkvæmda við sundlaug Stapaskóla og fyrirkomulagi sundkennslu.

6. Vika 6 - forvarnir í grunnskólum (2025010126)

Þormóður Logi Björnsson aðstoðarskólastjóri Akurskóla mætti á fundinn og kynnti verkefnið Vika6 sem er árlegt átak og fer fram í grunnskólum Reykjanesbæjar í sjöttu viku hvers almanaksárs. Áhersla er lögð á kynfræðslu og forvarnir gegn kynbundnu og kynferðislegu áreitni og ofbeldi á unglingsstigi skólanna og eru önnur stig einnig hvött til að taka þátt. Forvarnarteymi eru starfrækt í öllum grunnskólum sveitarfélagsins en markmið þeirra er að tryggja að öll börn á grunnskólaaldri fái kynfræðslu og kennslu um kynheilbrigði.

Menntaráð þakkar fyrir áhugaverða kynningu á mikilvægu málefni. Það er jákvæð þróun að myndað hefur verið teymi um Vika 6 hjá Reykjanesbæ með aðkomu nemenda þar sem ungmenni hafa áhrif á hvaða efni fjallað er um.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:58.

Utan dagskrár flutti Sighvatur Jónsson ljóð um ánægjulegjan fund menntaráðs.

Menntaráð að morgni dags,
margt er hér að ræða.
Í bolla seytla kaffið svart
með mjólk - á milli slæða.



Fundargerð

190. fundur Íþróttá- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
14. janúar 2025, kl. 08:15

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Hjördís Baldursdóttir, Marta Sigurðardóttir, Sindri Kristinn Ólafsson og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hafþór Barði Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi, Rúnar Vífill Arnarson formaður Íþróttabandalags Reykjanesbæjar, Frosti Kjartan Rúnarsson fulltrúi ungmennaráðs og Íris Eysteinsdóttir ritari.

* * *

1. Golfklúbbur Suðurnesja - samningur 2025 (2025010045)

Samningur við Golfklúbb Suðurnesja um eflingu barna- og ungmennastarfs 2025 lagður fram og samþykktur.

2. Vélhjólaiþróttafélag Reykjanes (VÍR) - kynning (2025010051)

Sigurður Örn Stefánsson og Júlíus Ævarsson frá Véliþróttafélagi Reykjanes mættu á fundinn og kynntu starfsemi félagsins.

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar greinargóða kynningu.

Ljóst er að aðstöðu sé ábótavant fyrir barna- og ungmennastarf en engin salernisaðstaða er á svæðinu. Íþróttá- og tómstundaráð felur Hafþóri B. Birgissyni íþróttá- og tómstundafulltrúa að vinna málið áfram.

3. ÍRB - samningur um íþróttþjálfun barna 2025 (2025010047)

Samningur við Íþróttabandalag Reykjanesbæjar um íþróttþjálfun barna og ungmenna árið 2025 lagður fram og samþykktur.

Samningsupphæð hefur ekki hækkað síðan 2018, er ekki visitölutengdur og tekur ekki mið af aukningu iðkenda milli ára. Íþróttá- og tómstundaráð mun fjalla ítarlega um samninginn í næstu fjárhagsáætlunargerð ásamt öðrum liðum.

4. Íþróttá- og tómstundaráð Reykjanesbæjar - áheyrnarfulltrúar (2024110254)

Bæjarráð Reykjanesbæjar vísaði ofangreindu máli til íprótta- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar til umræðu.

Íprótta- og tómstundaráð Reykjanesbæjar leggur til að ekki verði gerðar breytingar á fyrirkomulagi ráðsins. Formaður Ípróttabandalags Reykjanesbæjar hefur nú þegar seturétt í ráðinu með tillögurétt og málfrelsi, sem tryggir mikilvæga tengingu við starfsemi ípróttafélaga í bænum. Að auki vekur ráðið athygli á að sambærileg sveitarfélög og Reykjanesbær hafa svipað fyrirkomulag varðandi áheyrnarfulltrúa í sínum ráðum.

Ráðið mun meta fyrir hvern fund þörf fyrir áheyrnarfulltrúa frá félögum þegar mál eru til umræðu sem þau varða.

Ráðið leggur áherslu á mikilvægi þess að stöðugildi fyrir framkvæmdastjóra ÍRB verði samþykkt í næstu fjárhagsáætlun en kröfur og umfang starfsins hefur aukist til muna undanfarin ár.

5. Hestamannafélagið Máni - samningur 2025 (2025010049)

Samningur við Hestamannafélagið Mána lagður fram og samþykktur.

6. Ípróttafólk Reykjanesbæjar 2024 (2025010092)

Thelma Dís Ágústsdóttir körfuboltakona og Guðmundur Leo Rafnsson sundmaður eru ípróttafólk ársins 2024 í Reykjanesbæ.

Íprótta- og tómstundaráð óskar þeim innilega til hamingju sem og öllum verðlaunahöfum á hófinu sem haldið var sunnudaginn 12. janúar sl. í Stapanum. Ípróttabandalagi Reykjanesbæjar eru færðar kærar þakkir fyrir vel heppnaðan viðburð.

7. Framtíðaruppbygging ípróttamannvirkja og -svæða (2022050239)

Eva Stefánsdóttir formaður upplýsti íprótta- og tómstundaráð um þá fundi sem eru að fara fram þessa dagana en samráð og hönnun um framtíðaruppbyggingu vestan Nettóhallar er í fullum gangi.

8. Upplýsingagjöf íprótta- og tómstundafulltrúa (2024050049)

Hafþór Barði Birgisson íprótta- og tómstundafulltrúi fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi íprótta-, tómstunda- og lýðheilsamála sveitarfélagsins.

9. Styrkir til greiðslu fasteignaskatts (2025010112)

Íþróttá- og tómsundaráð minnir forsvarsfólk íþróttá- og tómsundafélaga á að sækja um styrki til greiðslu fasteignaskatts fyrir 28. febrúar. Nánari upplýsingar eru á vef Reykjanesbæjar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.23



Fundargerð

190. fundur Íþróttá- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
14. janúar 2025, kl. 08:15

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Hjördís Baldursdóttir, Marta Sigurðardóttir, Sindri Kristinn Ólafsson og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hafþór Barði Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi, Rúnar Vífill Arnarson formaður Íþróttabandalags Reykjanesbæjar, Frosti Kjartan Rúnarsson fulltrúi ungmennaráðs og Íris Eysteinsdóttir ritari.

* * *

1. Golfklúbbur Suðurnesja - samningur 2025 (2025010045)

Samningur við Golfklúbb Suðurnesja um eflingu barna- og ungmennastarfs 2025 lagður fram og samþykktur.

2. Vélhjólaiþróttafélag Reykjanes (VÍR) - kynning (2025010051)

Sigurður Örn Stefánsson og Júlíus Ævarsson frá Véliþróttafélagi Reykjanes mættu á fundinn og kynntu starfsemi félagsins.

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar greinargóða kynningu.

Ljóst er að aðstöðu sé ábótavant fyrir barna- og ungmennastarf en engin salernisaðstaða er á svæðinu. Íþróttá- og tómstundaráð felur Hafþóri B. Birgissyni íþróttá- og tómstundafulltrúa að vinna málið áfram.

3. ÍRB - samningur um íþróttþjálfun barna 2025 (2025010047)

Samningur við Íþróttabandalag Reykjanesbæjar um íþróttþjálfun barna og ungmenna árið 2025 lagður fram og samþykktur.

Samningsupphæð hefur ekki hækkað síðan 2018, er ekki visitölutengdur og tekur ekki mið af aukningu iðkenda milli ára. Íþróttá- og tómstundaráð mun fjalla ítarlega um samninginn í næstu fjárhagsáætlunargerð ásamt öðrum liðum.

4. Íþróttá- og tómstundaráð Reykjanesbæjar - áheyrnarfulltrúar (2024110254)

Bæjarráð Reykjanesbæjar vísaði ofangreindu máli til íþróttá- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar til umræðu.

Íþróttá- og tómstundaráð Reykjanesbæjar leggur til að ekki verði gerðar breytingar á fyrirkomulagi ráðsins. Formaður Íþróttabandalags Reykjanesbæjar hefur nú þegar seturétt í ráðinu með tillögurétt og málfrelsi, sem tryggir mikilvæga tengingu við starfsemi íþróttafélaga í bænum. Að auki vekur ráðið athygli á að sambærileg sveitarfélög og Reykjanesbær hafa svipað fyrirkomulag varðandi áheyrnarfulltrúa í sínum ráðum.

Ráðið mun meta fyrir hvern fund þörf fyrir áheyrnarfulltrúa frá félögum þegar mál eru til umræðu sem þau varða.

Ráðið leggur áherslu á mikilvægi þess að stöðugildi fyrir framkvæmdastjóra ÍRB verði samþykkt í næstu fjárhagsáætlun en kröfur og umfang starfsins hefur aukist til muna undanfarin ár.

5. Hestamannafélagið Máni - samningur 2025 (2025010049)

Samningur við Hestamannafélagið Mána lagður fram og samþykktur.

6. Íþróttafólk Reykjanesbæjar 2024 (2025010092)

Thelma Dís Ágústsdóttir körfuboltakona og Guðmundur Leo Rafnsson sundmaður eru íþróttafólk ársins 2024 í Reykjanesbæ.

Íþróttá- og tómstundaráð óskar þeim innilega til hamingju sem og öllum verðlaunahöfum á hófinu sem haldið var sunnudaginn 12. janúar sl. í Stapanum. Íþróttabandalagi Reykjanesbæjar eru færðar kærar þakkir fyrir vel heppnaðan viðburð.

7. Framtíðaruppbygging íþróttamannvirkja og -svæða (2022050239)

Eva Stefánsdóttir formaður upplýsti íþróttá- og tómstundaráð um þá fundi sem eru að fara fram þessa dagana en samráð og hönnun um framtíðaruppbyggingu vestan Nettóhallar er í fullum gangi.

8. Upplýsingagjöf íþróttá- og tómstundafulltrúa (2024050049)

Hafþór Barði Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi íþróttá-, tómstunda- og lýðheilsamála sveitarfélagsins.

9. Styrkir til greiðslu fasteignaskatts (2025010112)

Íþróttá- og tómsundaráð minnir forsvarsfólk íþróttá- og tómsundafélaga á að sækja um styrki til greiðslu fasteignaskatts fyrir 28. febrúar. Nánari upplýsingar eru á vef Reykjanesbæjar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.23



Fundargerð

439. fundur velferðarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
15. janúar 2025, kl. 12:30

Viðstaddir: Sigurrós Antonsdóttir formaður, Andri Fannar Freysson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Birna Ósk Óskarsdóttir og Eyjólfur Gíslason.

Að auki sátu fundinn Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir teymisstjóri virkni- og ráðgjafarteymis, Frosti Kjartan Rúnarsson fulltrúi ungmennaráðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Katrín Alda Ingadóttir boðaði forföll og sat Frosti Kjartan Rúnarsson fundinn í hennar stað.

* * *

1. Smáhús – staða verkefnis (2023070008)

Hilma H. Sigurðardóttir, teymisstjóri virkni- og ráðgjafarteymis, fór yfir stöðu mála varðandi húsnæði fyrir íbúa með fjölþættan vanda.

2. Reglur um fjárhagsaðstoð - tillaga að breytingu (2022010182)

Hilma H. Sigurðardóttir, teymisstjóri virkni- og ráðgjafarteymis, lagði fram tillögu að breytingu á reglum um fjárhagsaðstoð. Breytingarnar eru fyrst og fremst gerðar til að skýrari grunnur sé fyrir það verklag sem viðhaft er.

Velferðarráð samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti.

3. Skjólíð (2025010187)

Vilborg Pétursdóttir, teymisstjóri barna- og fjölskylduteymis, mætti á fundinn og lagði fram erindi varðandi aðstöðu fyrir Skjólíð, sem er lögbundið stuðningsúrræði fyrir börn og ungmenni með stuðningsþarfir.

Velferðarráð telur mikilvægt að Skjólíð fái viðunandi aðstöðu sem hentar starfseminni og felur sviðsstjóra velferðarsviðs og teymisstjóra barna- og fjölskylduteymis að vinna málið áfram.

4. Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks (2019120096)

Ólafur Garðar Rósinkarsson, verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks, mætti á fundinn og fór yfir málið ásamt Heru Ósk Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs. Samþykkt hefur verið að skipað verði í samráðshóp um málefni fatlaðs fólks. Samráðshópurinn verði skipaður þremur kjörnum fulltrúum og þremur fulltrúum úr notendaráði fatlaðs fólks. Velferðarráð mun tilnefna þrjá fulltrúa til setu í samráðshópi um málefni fatlaðs fólks og leitað verður til notendaráðs fatlaðra í Reykjanesbæ um að tilnefna þrjá fulltrúa.

Velferðarráð óskar eftir tilnefningum frá notendaráði fatlaðra í Reykjanesbæ um þrjá fulltrúa í samráðshópinn og þrjá til vara.

5. Tölulegar upplýsingar (2024020127)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs lagði fram tölulegar upplýsingar vegna fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í desember 2024.

Fjárhagsaðstoð

Í desember 2024 fengu 156 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 23.293.385 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali um 149.316 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð var 49.

Í sama mánuði 2023 fengu 297 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 49.365.973 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali kr. 166.215 á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð voru 110.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Í desember 2024 fengu 264 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Samtals voru greiddar 6.579.238 kr.

Í sama mánuði 2023 fengu 320 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins, samtals 6.556.228 kr.

Áfrýjunarnefnd

Í desember 2024 voru haldnir 2 fundir í áfrýjunarnefnd og 13 erindi lögð fyrir nefndina. 8 erindi voru samþykkt, 2 erindum frestað og 3 erindum var synjað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:53.